



Múlafjall, harðsoðinn leiðavísir

Ég skellti þessu saman til þess að gefa mönnum einhverja hugmynd um það hvernig svæðið lítur út. Þetta er meirihlutinn af fjallinu en það er eitthvað eftir þarna vinstra megin.

Múlafjall er í um 60km fjarlægð frá Reykjavík, í botni Hvalfjarðar. Þetta eru allar sjáanlegar íslínur frá Leikfangalandi að „Þrennuni“. Línurnar eru taldar upp í rétttri röð, inn fjörðinn.


Robbi






Leikfangaland

1. Byrjar í bröttu kerti og þaðan upp á stóra syllu. Tæknilegur ís í framhaldi af því. WI4+ til 5. 2 spannir
 2. Hægt að fara amk 2 afbrigði. Léttara afbrigðið fylgir ísramp fyrir miðju og til hægri. WI4. Ein spönn
 3. Frosti WI5. FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson 14.des 1986. Breitt og bratt íspil. 30m
 4. WI2-3. Stutt leið upp rennu. Fyllist sennilega af snjó þegar líður á vetur og verður léttari. Hægt er að ganga niður gilið hægra megin við þessa leið.
- A) Stígandi WI4-4+ 100m. FF: Jón Geirsson, Kristinn Rúnarsson og Snævarr Guðmundsson. Liggur í nokkrum ísprepum og það hæsta er um 15m.



Botnlanginn WI3-4. FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson. Er efst í Leikfangalandi lengst til hægri.



Rísandi eystri (vinstri) WI4, FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson 14.des 1986. Er nokkuð léttari en sú vestari.

Rísandi (hægri), WI4, FF: Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson 21.apríl 1983. Fyrsti stóri ísfossinn sem klifinn var í Múlafjalli. Eftir fyrsta haftið greinist ísfossinn í tvær rásir. Leiðin liggur upp hægri greinina sem er öllu erfiðara að klifra heldur en þá vinstri.




3 skemmtilegar og stuttar leiðir (10m). Þær eru lengst til hægri í gílinu hjá Ístei. Þær eru snúnar þegar lítill ís er, en fínar byrjendaleiðir þegar mikill ís er kominn, þá ætti þetta að verða einn ísbunki.




Frá vinstri til hægri: Íste WI 4-5, Pabbaleiðin M6, Mömmuleiðin (gælunafn) WI3+-4 þegar mikill ís er kominn í hana, loks eru 3 léttari línur til hægri. Þær eru jafnframt fínar byrjendaleiðir. Augljóslega er lítill ís á myndinni og leiðirnar ekki í topp aðstæðum.




I Þegar þessi leið er full mynduð er mjótt kerti sem nær alla leið niður. Annars má bara mixa eitthvað erfitt.



III Einhver leið. Lítur út fyrir að vera fin byrjendaleið, WI2. Fyllist sennilega af snjó þegar líða tekur á vetur.



II Rjúkandi WI3. Gríðarlega flott leið.




IV Þetta líta út fyrir að vera 3 línur. Lengst til vinstri: Fjúkandi, WI4. Veit ekkert um hinar 2 en þær byrja í rotinu grjóti. Kanski ná þær niður seinna meir.




V Óþekkt lína.




VII Óþekkt lína. Lúkkar vel og virðist enda í klettamambói.



VI Þursabít. WI 2-3. Fín byrjendaleið en fyllist sennilega af snjó þegar líður á vetur.



VIII Óþekkt lína.



IX Óþekkt lína




Frá hægri: X ónefnd

XI Járntjaldið




XII Gryfjan, margir
möguleikar hér



XIII Óþekkt




XIV Scottish Leader M7



XV WI 3 ? Lúkkar helvíti vel

XVI Brennan eins og Olli kallar þær. 3 áberandi línur fyrir miðju fjalli. Eru oftast með fyrstu leiðunum sem myndast. Hægt er að ganga niður stórt gil sem er aðeins innar í firðinum.





XVII Óþekkt sennilega WI 2-3